

Nd.

176. Breytingartillögur

[17. mál]

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „og kæling“ í 1. másl. falli burt.
2. Við 3. gr. Síðasti másl. 2. málsgr. orðist þannig: Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi.
3. Við 4. gr. Síðasti másl. orðist svo: Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.
4. Við 9. gr. Síðari másl. 2. málsgr. orðist þannig: Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innan lands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir.